

## Velkomin í Lundinn

Lundurinn er útikennslustofu Miðstöðvar útivistar og útináms. Hér er frábær aðstaða til þess að framkvæma útikennslu í öllum námgreinum.

Lundurinn er afgirt rjóður / útikennslustofa með yfirbyggðu skýli, nokkrum bekkjum og klósett aðstöðu í Hlöðunni.

### Þar fyrir utan er hægt að panta með aðstöðunni eftirfarandi:

- Tjald sem tekur 15-20 nemendur (tjalldið er tilbúið uppsett)
- Hitablásara í tjalldið (hitablásari er uppsettur og í gangi)
- Eldstæði (eldiviður, uppkveiki kassi, eldvarnarteppi, slökkvitæki)
- Kol
- Ketil / pott (þríhyrningur, þykka hanskar)
- Glös/diska
- Neysluvatn
- Verkefni

Mikilvægt er að panta í gegnum pöntunarkerfi það sem nýta á í Lundinum.

Þegar í Lundinn er komið tekur starfsmaður MÚÚ á móti hópnum, afhendir þann búnað/verkefni sem pantað hefur verið og gefur hagnýtar upplýsingar. Að öðru leiti eru hópar sjálfbjarga.

Ef eitthvað kemur upp á varðandi aðstöðu / búnað þá eru starfsmenn MÚÚ ekki langt undan og geta veitt aðstoð.

### Vinsamlega athugið:

- Ef eldstæðið er notað eru kennarar ábyrgir fyrir eldinum og mikilvægt er að skilja nemendur ekki eftirlitslausa í kringum eldinn.
- Bannað er að klifra í trjám, skýlum eða hanga í böndum sem eru í Lundinum.
- Ef hitablásari er notaður er mikilvægt að nemendur séu ekki að fikta í honum.
- Ef glös / diskar eru notaðir þá er mikilvægt að ganga frá þeim aftur í stafla þannig að auðvelt sé fyrir starfsmann MÚÚ að nálgast þau.
- Ganga þarf frá öllu rusli í ruslafötu.
- Ef að verkefni MÚÚ eru nýtt til kennslu þá er mikilvægt að gengið sé frá þeim aftur í kassann eins og tekið var við þeim.